

## Reglugjörð

65  
18. júlí

### um sölu og veitingar vína, sem flytja má til landsins samkvæmt tilskipun nr. 10, frá 31. maí 1922.

Samkvæmt heimild í lögum 31. maí 1922, um heimild til undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, og kgl. tilskipun s. d. um sama efni, eru hjermeð sett eftirfarandi fyrirmæli til varnar misbrúkun við sölu og veitingu vína, sem ekki er í meira en 21% af vínanda (alkohol) að rúmmáli.

#### 1. gr.

Áfengisverslun ríkisins (miðstöð ríkisstjórnarinnar fyrir innflutning á áfengi) annast innflutning vína. Í reglugjörð þessari er með vínnum átt við vín, sem ekki er í meira en 21% af vínanda (alkohol) að rúmmáli. Aðrir geta ekki flutt inn vín. Sendimenn annara ríkja halda þó rjetti sínum til innflutnings áfengis.

#### 2. gr.

Áfengisverslun ríkisins annast sölu á vínunum, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugjörð þessari og gildandi lögum.

Áfengisverslunin skal jafnan hafa nægan forða af vínnum fyrirleggjandi í Reykjavík.

#### 3. gr.

Áfengisverslunin selur vín, þeim sem hjer eru taldir:

1. Útsölustöðum þeim, sem settir eru á stofn með reglugjörð þessari.
2. Veitingastöðum þeim, sem rjett hafa til veitingar vína, samkvæmt reglugjörð þessari.
3. Lyfsölum og læknium, sem rjett hafa til lyfjasölu; þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfsöluskrá og aðeins til lyfja.

#### 4. gr.

Áfengisverslunin ákveður útsöluverð vína; skal það ekki fara fram úr innkaupsverði með áföllnum kostnaði að viðbættum venjulegum verslunarhagnaði. Á hverri flösku skal tilgreint útsöluverð.

#### 5. gr.

Útsölastaðir áfengisverslunarinnar annast sölu vína í smásölu. Útsölustöðunum stjórnar maður eða fjelög í hverjum kaupstaðanna. Í Reykjavík hefir landsstjórnin smásöluna. Bæjarstjórn skal annarsstaðar innan fyrsta ágúst gjöra tillögu um, hverjum skuli veitt leyfi til að annast útsöluna. Veitir dóms-

**65** málaráðuneytið þvínæst leyfið. Rjettur til slíkrar forstöðu skal veittur fyrir  
**18. júlí** þann tíma, sem tilskipunin 31. maí gildir, og fellur burt, ef forstöðumaðurinn fer ekki nákvæmlega eftir ákvæðum reglugjörðar þessarar og gildandi laga um söluna.

#### 6. gr.

Er útsölustaður selur vín, skal krafist undirskriftar kaupanda undir eyðublað, er áfengisverslunin lætur útbúa. Skal í því vera yfirlýsing að viðlögðum drengskap um að kaupandi noti hið keypta vín persónulega eða til heimilis síns, en hvorki skuli selja eða á annan hátt afhenda öðrum vínið til neyslu, utan heimilis kaupanda. Útsalan innfærir öll kaup jafnóðum sem þau fara fram, í sjerstaka vínsölubók, á dálk við nafn kaupanda. Áfengisverslunin lætur útbúa og löggilda vínsölubækur þessar.

#### 7. gr.

N hefir einhver keypt fulla 10 lítra á einum almanaksmánuði, og er útsölnunni þá óheimilt að selja honum meira vín í þeim almanaksmánuði. Ennfremur er óheimilt að selja vín:

1. Þeim, sem eru yngri en 18 ára.
2. Þeim, sem vín sjer á, er þeir beiðast kaupa.
3. Þeim, sem á 6 mánaða tímabili undan kaupbeiðninni hafa verið staðnir að því að vera drukkknir á almannaferi, þar á meðal opinberri samkomu.

#### 8. gr.

Lögreglustjórum skal skylt að tilkynna áfengisverslun ríkisins svo og næsta útsölustað þegar í stað, ef einhver hlýtur sekt fyrir að hafa verið drukkinn, og skal gjöra athugasemd um það við dálk hlutaðeiganda í vínsölubókinni.

#### 9. gr.

Veiting vína (þ. e. sala til neyslu á staðnum) skal heimiluð veitingastað, sem dómsmálaráðuneytið löggildir í hverjum kaupstaðanna, Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Í Reykjavík má þó löggilda fleiri en einn veitingastað, eftir tillögum bæjarstjórnarinnar. Bæjarstjórnirnar gjöra tillögur um hverjum skuli falið leyfi til veitinga. Veitingaleyfið skal gefið fyrir þann tíma, sem tilskipunin 31. maí gildir, og er bundið því skilyrði, að veitingamaðurinn fari nákvæmlega eftir ákvæðum reglugjörðar þessarar og gildandi laga um veitingar. Ef leyfishafi glatar rjetti sínum til veitingar, gjörir bæjarstjórnin tillögu um, hverjum veitingaleyfið skuli falið þar á eftir.

#### 10. gr.

Í öðrum kaupstöðum skal veiting vína því aðeins heimiluð, að meiri hluti alþingiskjósenda í kaupstaðnum óski þess og mæli með ákveðnum manni til

löggildingar. Getur hann þá fengið löggilding dómsmálaráðuneytisins með sömu skilyrðum, sem segir í 9. grein.

65  
18. júlí

#### 11. gr.

Veiting vína skal ekki heimiluð öðrum en þeim, sem greinir í 9. og 10. gr.

#### 12. gr.

Nú óskar bæjarstjórn, að veitingar vína í lögsagnarumdæmi bæjarins, skuli takmarkaðar þannig, að aðeins megi veita vín til neyslu með heitum mat og aðeins á tímabilinu frá kl. 11 árdegis til kl. 1½ síðdegis, og frá kl. 6 síðdegis til 9 síðdegis; skulu þá þau ákvæði sett í veitingaleyfið, og enn fremur að einskis vins megi neytt á veitingastaðnum frá kl. 2—6 síðdegis og eftir kl. 9½ síðdegis.

#### 13. gr.

Óheimilt er kaupanda að flytja nokkuð vín burtu af veitingastaðnum og veitingamanni óheimilt að selja nokkuð vín, eða afhenda, nema til neyslu á staðnum. Honum er og óheimilt að veita vín þeim, sem ekki má selja vín samkvæmt 7. grein.

#### 14. gr.

Áfengisverslun ríkisins setur merki eða einkenni á allar flöskur og ílát með víni í, sem áfengisverslunin lætur úti. Ef einhver notar eftirmynd af merkjum þessum eða einkennum eða misbrúkar þau á annan hátt, varðar það refsingu, svo sem greinir í 27. kap. hinna almennu hegningarlaga.

#### 15. gr.

Brot á 6. gr. reglugjörðar þessarar af hálfu kaupanda, varða sektum frá 50—1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við, samkvæmt lögum. Auk þess að forstöðumaður útsölustaðar eða veitingaleyfishafi fyrirgjöra heimild sinni til að selja eða veita vín, ef þeir brjóta ákvæði reglugjörðar þessarar, varða slík brot enn fremur sektum frá 500—5000 kr. Ef aðrir selja eða veita vín en þeir, sem rjett hafa til þess samkvæmt reglugjörð þessari, skal þeim refsað á þann hátt, sem greinir í lögum nr. 91, 14. nóv. 1917.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. júlí 1922.

**Sig. Eggerz.**

*Steindór Gunnlaugsson.*